

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 12. mars 2020: Tillaga Flokks fólksins um endurgerð kvennaklefa í Sundhöll Reykjavíkur:***

Flokkur fólksins leggur til að mannréttinda, lýðræðis- og nýsköpunarráð skoði hvort farið hafi verið á svig við stefnu borgarinnar í jafnréttismálum og jafnréttisreglur mögulega brotnar við endurgerð búningsklefa Sundhallar Reykjavíkur. Konum hefur verið úthýst úr klefum sínum á meðan á viðgerð stóð og einnig til frambúðar en körlum ekki. Karlar fengu eldri kvennaklefanna til afnota á meðan viðgerð stóð yfir á karlaklefunum og fá áfram aðgang að eldri klefunum til frambúðar. Ekki lítur út fyrir að konur fái aðgang að gömlu klefunum aftur þegar endurgerð er lokið sem verður á þessu ári. Margar konur hafa lýst óánægju sinni með þá ákvörðun borgaryfirvalda að henda þeim úr sínum gömlu klefum á meðan karlar hafa áfram aðgang að sínum. Konum hefur verið vísað í nýbyggingu. Mörgum þeirra finnst staðsetning búningsklefa þar bagaleg þar sem þær verða að ganga langa leið utandyra, í blautum sundfötum til að komast frá klefa í laugina. Í lagi var að þola ástandið um tíma meðan á viðgerð kvennaklefa stæði en sá tími er að verða liðinn. Körlum hefur hins vegar ekki verið vísað úr eldri byggingunni ekki heldur meðan á endurgerð stóð.